

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitu sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga af afkomu sjóðsins á árinu 1996, efnahag hans 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. apríl 1997.

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 11. júní 1997.

Sesselja Árnadóttir.
Guðbjartur Gunnarsson.
Hörður Harðarson.

Ríkharð Brynjólfsson.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Nr. 585

16. október 1997

REGLUGERÐ**um (1.) breytingu á reglugerð um tæknifrjógvun nr. 568/1997.**

1. gr.

1. og 2. másl. 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hámarksgeymslutími fósturvísa er fimm ár. Að fimm árum liðnum skal eyða ónotuðum fósturvísunum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13., sbr. 3. og 10. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.